

Skyggnisvegur 20, Bláskógbabyggð

SAMPYKKT
18 AUG 2010
Byggingarhlutuppsv. Armessyslu og Flóahr.

BYGGINGARLÝSING

Formáli

Óskað er eftir samþykki byggingarnefndar fyrir viðbyggingu við núverandi frístundahús að Skyggnisvegi 20, í landi Úthlíðar í Bláskógbabyggð. Teikningarnar, nr. 01 - 05 sýna núverandi hús -mælt á staðnum- og viðbyggingu.

Viðbyggingin er annars vegar svefnálma og hins vegar tengibygging á milli svefnálmu og núverandi húss. Viðbyggingin mun rúma 4 svefnherbergi, sturtu, snyrtingu og nýtt anddyri. Einnig verða gerðar smávægilegar innanhúss-breytingar á eldra húsi, baðherbergi og eldhús færð til og þar verða engin svefnherbergi lengur, með tilkomu svefnálmunnar.

Aðkomu að húsinu verður breytt og ný bílastæði gerð á norð-austur horni lóðar.

Uppbygging og efnisval viðbyggings

Útlit viðbyggings tekur mið af núverandi húsi, í öllu ytra formi og stíl og litaval verði eins. Þetta varðar þakklæðingu, þakskegg, vindskeiðar, útveggja-klæðingu og glugga-frágang.

Sökklar og botnpata verði úr járbentri steinsteypu. Undir botnplötu einangrist með 100 mm. plasteinangrun og niður með sökkum einangrist með 75 mm. plasteinangrun.

Útveggir verði úr 1200 mm. breiðum stálsamlokueiningum með steinullareinangrun, 150 mm. þykkum Yleiningar, PE-150. Einingarnar mynda burðarvirki útveggja. Að utan verða útveggir klæddir með lofræstri liggjandi timburklæðingu, útveggjapanil af sömu gerð og panill eldra húss og málaður í sama lit.

Þak verður uppbyggt úr 1200 mm. breiðum stálsamlokueiningum með steinullareinangrun, 150 mm. þykkum Yleiningum, PE-150 með sperrum, 48 x 148 mm, sem á skrúfast lektur, 48 x 98 mm að neðan og 34 x 98 að ofan, þannig að myndast ígildi I-bitu milli eininga.

Undir mæni hvors hluta viðbyggings verður límréssbiti sem hvílir á súlum í milliveggjum.

Þakklæðning verði bárustál, sem festist ofan á 34 x 98 mm. langbönd, c/c 600 mm., sem fest eru ofan á á ytri lektunar og mynda loftunarbil.

Í bíldi á milli neðri lekta, komi 2" viðbótar steinullareinangrun.

Þakhalli svefnálmu verði 31°, eins og eldra húss, en þakhalli tengibyggingar verði 20°.

Innanhúss verða útveggir viðbyggings klæddir með 13 mm. gifsplötum á lagnagrind. Léttir innveggir verða klæddir 12 mm. krossvið og 13 mm. gifsplötum hvoru megin á blikkgrind og einangrað með 3" þéttull. Loft klæðist með 13 mm. gifsp. neðan á fyrrgreindar neðri lektur.

Lýsing lagnakerfa

Fráveitukerfi verður útfært sem tvöfalt kerfi, skólplögn og regnvatnslögn. Allar fráveitulagnir viðbyggings utanhúss verða úr PVC plaströrum. Skólplagnir tengjast eldri lögnum, sem liggja að rotþró. Regnvatn og dren verður leitt í púkk/svelg á lóð.


Fráveitulagnir innanhúss verða úr PP plasti.

Neysluvatnslagnir viðbyggings verða ál-pex plastlagnir eins og í núverandi húsi.

Hitakerfi viðbyggings verður gólfhitakerfi, lokað frostlagarkerfi. Í núverandi húsi er lokað ofnakerfi með frostlegi.

Brunavarnir

Úr hverju svefnherbergi verður björgunarop. Reykskynjarar verði amk. 3, einn í stofu nýv. húss, einn í tengibyggingu og einn á gangi í svefnálmu. Slökkvitæki verði staðsett í anddyri. Þakklæðning verði í flokki T. Allar klæðningar innanhúss verði amk. í flokki 2.



Afstöðumynd

1:500

U - gildi (W/m °C) einstakra byggingarhluta viðbyggings skv. útreikningi, miðað við Ti>= 18°C:

Þak	0,20
Útveggir	0,22
Gluggar (karmar, gler vegið meðaltal, K-gler)	2,0
Hurðir	3,0
Gólf - á fyllingu	0,28
Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir)	0,53

Að öðru leyti skal miðað við kólnunartölur einstakra byggingarhluta séu í samræmi við ÍST/ EN ISO 26946:1996

ARKITEKTAHÖNNUN ehf

kt. 531201-4180

PETUR ÓRN BJÖRNSSON ÁRK. FAI - KT.100455-3159
TEKNISTOFA TÚNGÖTU 14, 101 RVK
VS. 551 0160 arkhn@mi.is HS. 551 0101

Heiti verks:

SKYGGNISVEGUR 20 Bláskógbabyggð

Heiti teikningar:

BYGGINGARLÝSING OG AFSTÖÐUMYND

Mkv.:	Nr. teikningar	Dags:
1 : 500	02. 08. 2010	
Verknr.:	01	Teiknað